

10. bekkur

Enska 10.b.

Markmið vetrarins:

Hlustun

- Skilji aðalatriði í sögu, frásögn og samtali tveggja einstaklinga
- Geti fylgt meginþræði í myndmiðlaefni sem tengist áhugasviði
- Geti fylgt nokkuð nákvæmum leiðbeiningum og upplýsingum

Lestur

- Geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög
- Geti lesið sér til gagns og gamans margs konar texta, t.d. í tímaritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- Geti lesið smásögur og styttri skáldsögur

Ritun

- Geti lýst eigin reynslu, samskiptum, tilfinningum og tengslum við aðra
- Geti skrifað stuttan samfelldan texta á réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot eftir fyrirmælum
- Geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um

Talað mál - frásögn

- Geti tjáð sig um daglegt líf og ýmis efni sem hann hefur kynnt sér
- Geti haldið uppi samræðum um efni tengt áhugasviði

Kennslufyrirkomulag: Lestur, ritun, hlustun, talað mál, þýðingar, námsleikir, bíómyndir og verkefni tengd þeim ásamt öðrum verkefnum. Nái nemendur ekki að klára efni tímans í kennslustund klára þeir það heima.

Námsmat: Nemendur taka kannanir með vissu millibili sem samtals gilda 50% af lokaekinn þeirra. Vinna í vinnubók gildir 30% og önnur verkefni og virkni í tímum gilda 20%.

Námsefni: *Spotlight 10* lesbók og vinnubók ásamt hlustunarefni. Annað ítarefni, s.s. krossgátur og þrautir ásamt stílum og öðrum verkefnum frá kennara.

Tímafjöldi: 3 1/2 tímar á viku

Kennari: Þórður Mar Þorsteinsson

Danska

Markmið vetrarins:

Hlustun

- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem nemandi hefur grunnorðaforða í.

- geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og aðra stutta texta þar sem nauðsynlegt er að allt innihald skiljist nákvæmlega

Lestur

- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á fremur léttu máli, t.d. stuttar sögur og blaðgreinar

Ritun

- geti skrifað stutta texta (80-150 orð) út frá gefnu viðfangsefni
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri.

Málfræði

- læri eintölu og fleirtölu
- læri ákveðinn og óákveðinn greini
- læri nútíð, þátíð og núþálega tíð sagna
- þekki fornöfnin og geta beitt þeim rétt
- þekki kynin samkyn og hvorugkyn

Talað mál – samskipti

- tileinki sér danskan framburð í mæltu máli.
- geti svarað stuttum spurningum á dönsku.
- geti leitað sér aðstoðar, t.d. spurt til vegar.
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju.

Kennslufyrirkomulag: Tvær 40 mínútna kennslustundir í viku þar sem unnið verður í lestri, ritun, málfræði, töluðu máli, þýðingum og fleiri verkefnum. Að auki verða námsleikir, bíómyndir og annað eftir því sem tilefni og tími gefst til. Náí nemendur ekki að klára efni tímans í kennslustund klára þeir það heima.

Námsefni: Vel valdir hlutar úr námsbókinni „Ekko“ og meðfylgjandi vinnubók. Málfræðiæfingar úr námsbókinni Grammatik 2. Annað ítarefni, s.s. krossgátur og þrautir ásamt stílum og öðrum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Nemendur taka kannanir með vissu millibili sem samtals gilda 40% af lokaekinn þeirra. Verkefna vinna gildir 20% og önnur verkefni og virkni í tímum gilda 20%. Munnlegt próf og önnur munnleg verkefni gilda 10%. Sjálfsmat nemenda og gátlisti kennara gildir 10%.

Kennari: Fanney Ósk Ríkharðsdóttir

Íslenska

Markmið:

- nemendur öðlist yfirlit yfir málkerfi íslenskrar tungu
- -nemendur kynnist heimi Íslendingasagna og lesi eina slíka
- -nemendur lesi ítarlega og fjalli um amk eina skáldsögu frá seinni tímum
- -nemendur lesi sér til ánægju og geti greint frá efni bóka
- -nemendur geti fjallað um form og byggingu ljóða
- -nemendur þjálfist í ritun, þar á meðal stafsetningu og tölvuvinnslu texta

Kennsluaðferðir: Tvær kennslustundir á viku vinna nemendur með námsefni í málfræði þar sem unnið verður m.a. með sagnorð, óbeygjanleg orð, setningahluta, orðhluta o.fl. Þrjár kennslustundir á viku verður unnið með bókmenntir, ljóð, ritun og ýmsa texta- og málvinnu því tengdu. Yndislestur er daglega þar sem nemendur lesa texta að eigin vali. Umræður eru fastur liður í kennslunni.

Námsefni: Kennslubækur í orðflokkunum og önnur málfræðiverkefni, Gíslasaga Súrssonar, skáldsaga frá seinni tímum. Ýmsir styttri bókmenntatextar og ljóð eftir því sem tími og tilefni gefast til.

Námsmat: Nemendur taka kaflapróf og aðrar minni kannanir reglulega. Símat og jafningjamat verður notað til að fylgjast með stöðu nemenda. Metin eru: verkefni, ritunarverkefni, vinna og vinnubrögð, ástundun, kannanir og þekking.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Íþróttir

Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfar samhæfingu nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska. Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinar sem þekktar eru á Íslandi.

Við námsmatið verður tekið tillit til:

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Kennari: Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Lestrarpróf

Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi og nákvæmni.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

Fyrirkomulag: Nemendur fara í stöðluð hraðapróf á hverri önn, eða þrisvar á vetri. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum á mínútu. Fyrir

nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn.

Námsefni: Textar á lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun (Lesfimiþróf Lesferils). Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 10.bekkjar eru 145-210 orð á mínútu.

Námsmat: Umsjónarkennarar koma niðurstöðum til foreldra.

Kennari: Margrét Björk Björgvinsdóttir

Lífsleikni

Markmið:

Að efla alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Lögð verður áhersla á sjálfsþekkingu, samskipti og umræður um ýmis málefni sem varða hag einstaklingsins í samfélaginu (t.d. lífsviðhorf, kynfræðsla, fjármál, vímuefnaneysla, hraðakstur og örugg síma- og netnotkun svo eitthvað sé nefnt). Einnig verður áhersla lögð á að skoða, ræða og kynna sér námsframboð og námsfyrirkomulag framhaldsskólanna.

Kennslufyrirkomulag:

Lífsleikni verður ekki kennd sem sér kennslustund á stundatöflu heldur fléttast hún á einn eða annan hátt inn í allar námsgreinar. Fyrirlestrar, umræður og bekkjarfundir þar sem rædd verða málefni bekkjarins og málefni líðandi stundar eftir því sem tilefni gefast til.

Námsgögn:

Verkefni valin af kennara og nemendum sjálfum, myndbönd, bíómyndir og fleira sem hægt er að tengja öðru námsefni nemenda.

Námsmat:

Umsögn um virkni, áhuga og framkomu nemenda.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Náttúrufræði

Kennslufyrirkomulag: Í upphafi vetrar vinnum við með mannlíkamann með áherslu á hvernig líffærakerfi hans vinna öll saman. Einnig skoðum við forvarnir, vímuefnafræðslu og kynfræðslu. Eftir þessa vinnu verður farið í eðlisfræði.

Markmið:

- að nemendur átti sig á því hvernig öll kerfi líkamans vinna saman
- að nemendur fái innsýn í það hvernig vímuefni hafa áhrif á líffærakerfin
- að nemendur fái kynfræðslu
- að nemendur kynnist undirstöðuatriðum í eðlisfræði. Þar verður m.a. fjallað um krafta og hreyfingu, þrýsting, rafmagn og segulmagn, orku og afl og fleiri hluti því tengda eftir því sem tími vinnst til.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, verkefnavinna og ýmislegt myndefni skoðað. Nemendur lesa/hlusta á kafla heima fyrir tíma og kennari fer í efnið í tímanum og nemendur vinna með það.

Einnig verður reynt að hafa sem mest sýnikennslu og verklega kennslu sem tengist efninu.

Námsefni: Bækurnar Mannslíkaminn, Eðlisfræði 2 og annað ítarefni.

Námsmat: Verkefni, kannanir, þátttaka í verklegum æfingum, áhugi og virkni í tímum verður metið til einkunnar og umsagnar.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Stærðfræði

Markmið:

Að nemendur

- nái valdi á stærðfræðilegri hugsun og geti komið henni á framfæri við aðra
- sýni útreikninga og vinni snyrtilega
- þjálfist í að beita skýrri og kerfisbundinni framsetningu við lausn stærðfræðiverkefna
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Helstu þekkingatriði vetrarins eru eftirfarandi: persónuleg fjármál, rúmfræði og hönnun, algebra og jöfnur, líkindareikningur og föll. Innan þessara efnisþátta eru mörg hugtök og reikniaðgerðir sem fengist verður við og nemendur tileinka sér í náminu. Þar sem þess er þörf verða settar upp einstaklingsáætlanir sem miða að því að nemandinn nýti tíma sinn sem best.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur fá námsáætlun fyrir hvern kafla þar sem fram kemur hvaða efni verður tekið fyrir og hvaða dæmi á að leysa. Nemandi og kennari setja upp tímaáætlun fyrir lotuna. Ætlast er til að nemendur vinni eftir þeim í tímum. Það sem nemendur ná ekki að klára í skólanum þurfa þeir að vinna upp heima til að halda tímaáætlun. Mikilvægt er að nemendur fletti reglulega yfir efnið heima til að rifja upp og taka saman aðalatriði. Tekið er próf eftir hvern kafla/námslotu. Meti kennari það svo að markmiðum lotunnar sé ekki náð þarf nemandi að taka afmarkaða hluta hennar aftur áður en hann fær að halda áfram í næsta kafla.

Námsefni: Skali 3, Almenn stærðfræði

Námsmat: Lokaeinkunn á önn samanstendur af könnunum í lok hvers kafla, áhuga/virkni í tímum og öðrum verkefnum.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Sund

Markmið: Að nemendur upplifi sundlaugina á jákvæðan hátt og líti á sund sem raunhæfa leið til líkamsræktar. Að auka færni, þol og þrek nemenda í sundi.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsar æfingar til að auka færni og getu nemenda. Leikir og æfingar til að nemendur fái jákvæða mynd af sundlauginni.

Námsmat: Áhugi, virkni, hegðun, 10. sundstig.

Kennari: Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Tölvufræðsla

Markmið:

- Að nemendur geti nýtt sér ritvinnsluhugbúnað (Word) til að koma eigin hugmyndum og námsverkefnum á tölvutækt form og læri um leið á ritvinnsluhugbúnaðinn.
- Að nemendur læri að setja inn myndir, töflur, heimildaskrá, efnisyfirlit, tilvitnanir, tilvísanir o.fl. í ritvinnslubúnaðinum. Einnig að nemendur læri að leita sér heimilda á netinu og á bókasöfnum og skrá upplýsingar og vinna úr heimildum með eigin orðum.
- Að nemendur nýti tölvufærni sína inn í aðrar námsgreinar.
- Að nemendur kynnist Excel töflureikni og geti notað hann á einfaldan hátt.
- Að nemendur geti leitað upplýsinga á Netinu og nýtt sér möguleika þess sem upplýsingaveitu og uppsprettu hverskonar fróðleiks.
- Að nemendur skoði myndbandagerð og læri að klippa til einföld myndbönd

Kennslufyrirkomulag: Öll tölvufræðsla er kennd innan annarra námsgreina og fléttast inn í allt nám nemenda.

Námsefni: Reynt verður að flétta aðrar námsgreinar inn í tölvukennsluna sem og vinna verkefni úr þeim á tölvutæku formi.

Námsmat: Umsögn með áherslu á áhuga, virkni og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt skilum á verkefnum.

Kennari: Rannveig Hrönn Friðriksdóttir

Þjóðfélagsfræði

Markmið: Nemendur skilji og viti meira um íslenskt samfélag eftir námskeiðið. Geti tjáð sig um hugtök og málefni þjóðfélagsins, skilji meginatriði í uppbyggingu þess og skipulagi, viti hvernig stjórnkerfi þess virkar í meginatriðum og þekki og skilji hugtök sem notuð eru í daglegu tali um þjóðfélagsmál.

Kennd bókin bókina *Á ferð um samfélagið* eftir Garðar Gíslason. Í bókinni er fjallað um samfélagið í víðum skilningi, félagsmótun og einstaklinginn í samfélaginu, réttindi og skyldur, margar hliðar mannlegra samskipta, einkenni þjóðfélaga, þróun o.fl.

Kennslufyrirkomulag: Ætlast er til að nemendur lesi heima fyrir kennslustundir. Fjallað um efni bókarinnar og umræður í tímum. Unnin verkefni í lok hvers kafla.

Námsmat: Próf að loknum tveimur köflum og þau próf gilda til einkunnar. Þar sem samvinna gildir við úrvinnslu verkefna gilda þau ekki til lokaeinkunnar.

Tímafjöldi: 2 klst á viku.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson

Textílmennt

Markmið: Áhersla lögð á hönnun og hugmyndavinnu. Að þjálfna nemendur í sjálfsstæðum vinnubrögðum og að nemendur læri að skipuleggja vinnu sína, þekkja mismunandi aðferðir og efni og vinni tengd verkefni. Að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika nemenda. Að efla samstarfsvilja og sjálfstraust nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Unnið er þrískiptum hópum 8.-10. bekkjar. Þar sem hver hópur er eina önn í textílmennt, 2,5 kennslustundir á viku. Nemendur vinna með mismunandi aðferðir í textílmennt og fá þjálfun í að nota mismunandi áhöld og verkfæri. Áhersla verður lögð á einstaklingsvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum, sem og samvinnu nemenda sem byggir á samstarfi við aðra, þolinmæði og tillitssemi ásamt umgengni og frágangi í kennslustofu. Skylduverkefni vetrarins er að endurhanna útfærslu af ömmukolli sem er kollur með geymsluhólfi eða venjulegum kolli. Þetta er samþætt skylduverkefni í textílmennt og smíðum og þurfa nemendur að hafa aðferðir beggja námsgreina í huga við hönnun kollsins. Þegar nemendur hafa lokið við textílhuta verkefnisins vinna þeir textílverkefni út frá eigin áhuga.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat: Hugmyndavinna, virkni í tímum, samskipti við kennara og samnemendur, verklag og viðleitni, frágangur og skil á verkefnum.

Kennari: Þórey Birna Jónsdóttir

Heimilisfræði

Markmið:

- Að nemandi fái þjálfun í að gera matseðla og matreiða fjölbreyttan og hollan mat.
- Að nemandi skoði sérstaklega ráðleggingar um mataræði og næringarefni.
- Að nemandi þekki helstu næringarefni og viti að rétt mataræði stuðlar að betri heilsu.
- Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum.
- Að nemandi temji sér snyrtileg vinnubrögð og hreinlæti við matseld og að halda tækjum hreinum.
- Að nemandi temji sér að hugsa um umhverfið og sparnað. Spara hráefni og orku,
- velja vörur sem eru betri fyrir umhverfið og endurvinna það sem hægt er.

Kennslufyrirkomulag: Unnið er þrískiptum hópum 8.-10. bekkjar. Þar sem hver hópur er eina önn í textílmennt, 2,5 kennslustundir á viku

Námsgögn : Matur og menning. Næring og lífshættir, Uppskriftir fyrir unglingastig og uppskriftir og verkefni frá kennara.

Námsmat: Umsögn byggð á frammistöðu í tímum, sjálfsmati og gátlistum. Þættir sem eru sérstaklega metnir eru vinna og vinnubrögð, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun. Nemendur geta líka átt von á verklegu skyndiprófi.

Kennari: Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

Smíði 8. – 10 bekkir

Nemendum 8 – 10 bekkja er skipt í hópa og skiptast hóparnir niður á mismunandi viðfangsefni. Smíðar er einn þátturinn.

Markmið:

- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt
- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir

Handverk:

- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi
- sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra

Hönnun og tækni:

- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu.
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu.
- hannað verkefni út frá efni, notkun og endingu.

Umhverfi:

- greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval
- beitt viðeigandi vinnustellingum

Kennsluáðferðir: Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsgögn: Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott. Nemendur hanna sjálfir og koma með eigin hugmyndir.

Helstu viðfangsefni:

- Nemendur smíða Stól/náttborð með sameiginlega grunnhugmynd sem þeir útfæra sjálfir.

Kennari: Þorvaldur Benediktsson

Val á unglíngastigi veturinn 2019 – 2020

Veturinn skiptist í 3 tímabil, eitt á hverri önn.

Val er kennt í Fellaskóla fyrir 8.-10. bekk á þriðjudögum og miðvikudögum frá kl 14.10-15.30.

Valtímabilin eru þrjú og fylgja önnunum. Nemendur fá koma með hugmyndir að viðfangsefnum og

velja svo það sem þá langar að gera, reynt er að koma til móts við óskir nemenda eins og hægt er.

Í vetur verður á fyrsta tímabili boðið upp á námskeiðin flutt að heiman, heimilisfræði og endurnýtt.

Ekki er búið að negla niður námsframboð á miðönn en það verður unnið í samstarfi við nemendur. Á

vorönn verður árshátíðarval þar sem allir nemendur taka þátt en geta valið sér viðfangsefni innan

árshátíðarundirbúningsins.